


SÉREFNI

# Smábátamálning 2026

# Fylliefni

- **Watertite** – Tvíþátta epoxý spartl. Engin rýrnun (100% massi). Ofan og neðan á sjólínu á trefjaplast. Fyllir upp að 2 cm, blátóna
- **Gelcoat Filler** – Hvítt polýester spartl, tilvalið fyrir minni skemmdir á gelcoat/trefjaplast, t.d. högg frá goggum o.fl. Til notkunar ofan sjólínu
- **Polyfilla** viðarfyllir – Fæst í ýmsum litum fyrir viðeigandi timbur.
- **Allbäck** línolíukítti - Viðgerðar- og þéttingarefni fyrir timbursem byggir á aldagamalli hefð



# Grunnar

- **One UP –** Einþátta hvítur grunnur undir Toplac Plus og Interlac 668 á fleti ofan sjólínu
- **Gelshield 200 –** Grár/grænn tvíþátta epoxý grunnur sérlega góður á trefjaplast. Tilvalinn undir botnmálningu, tvíþátta pólýúreþan lakk o.fl.
- **Redox EP Multiprimer/Interprotect** – Hvítur tvíþátta epoxý grunnur til nota ofan sjólínu á ál, galvanhúð, plast, stál og við. Má mála yfir með epoxý-, pólýúreþan- og alkýðlakki
- **Intertuf 203** – Einþátta vínilgrunnur, svartur og áltóna, til nota undir einþátta lökk ofan og neðan sjólínu á trébátum. Má einnig nota undir botnmálningu á stálbátum. Hentar vel til að heilgrunna yfir slitna og óþekkta botnmálningu
- **VC Tar2** – Tvíþátta epoxýgrunnur **aðeins** undir VC17 Offshore botnmálningu



# Gelshield 200

- Tvíþátta epoxý grunnur sem bæði má nota ofan og neðan sjólínu, mjög góður til að sporna gegn tæringarvandamálum, s.s. osmósu í plasti
- Fæst í 0,75 ltr
- Gelshield 200 er grár og grænn og er sérlega góður á trefjaplast
- Fljótur að taka sig og við góðan hita má fara 2 umferðir sama dag. Ef koma á í veg fyrir osmósu skal fara minnst 4 umferðir
- Notið Super Cleaner fyrst til að hreinsa fitu og óhreinindi og slípa svo með sandpappír
- Þynnir nr. 7
- Hægt að rúlla, pensla og sprauta
- Plast skal slípa fyrst með 180 sandpappír
- Mikilvægt er eftir að herði hefur verið blandað út í og hrært vel saman að láta standa í 10 mín áður en málað er
- Þekja er um 6-8 m2/L
- Gelshield 200 er snertiþurr eftir 4 klst við 5°C
- Yfirmálun með botnmálningu eftir minnst 8 klst við 10°C og ALLS EKKI seinna en innan 24 klst, annars þarf að grunna aftur



# Redox EP Multi Primer/Interprotect

- Tvíþátta epoxýgrunnur ætlaður einungis fyrir málun OFAN sjólínu
- Fæst í 1L Redox og 0,75L Interprotect
- Fjöldi umferða fyrir þessa grunna er 1-4, fer eftir undirlagi og álagsflötum
- Hægt er að mála yfir með öllum tegundum af lökkum
- Þekja um 9 m2/L
- Þynnir nr. 7 eða GTA220
- Snertiþurr eftir 1 klst við 5°C
- Yfirmálun eftir minnst 6 klst við 10°C






# One UP

- Einþátta grunnur undir Toplac Plus á fleti ofan sjólínu
- Fæst í 0,75 ltr
- Bert plast skal þrífa og slípa með 180-220 sandpappír, grunnmála svo 1-2 umferðir
- Gamalt/veðrað Gelcoat: Mála skal að lágmarki 2 umferðir með Interprotect til að sporna við osmósu, í kjölfarið mála 1 umferð með ONE UP fyrir Toplac Plus
- Ef mála á yfir tvíþátta pólýúreþan skal matta og þrífa flötinn og mála með ONE UP
- Stál, ál og galvaniserað járn skal þrífa með öflugum hreinsiefnum og slípa með grófum sandpappír til að fá grófleika í málminn. Málið svo 3 umferðir
- Timbur skal slípa með 80-180 sandpappír, fínslípið svo á eftir með 280. Málið síðan 4 umferðir
- Þynnir: Hreinsuð terpentína Alifatnafta eða þynnir 100
- Þekja um 9 m2/L
- Snertiþurr eftir 6 klst við 5°C
- Yfirmálun með Toplac Plus eftir 24 klst við 5-10°C innan 14 daga



# Intertuf 203

- Einþátta vínilgrunnur sem bæði má nota ofan og neðan sjólínu. Hentar sem grunnur á trébotna og yfir slitna og óþekkta botnmálningu
- Fæst í 1L (niðurskipt af okkur), 5L og 20L
- Hefur góða viðloðunar- og ryðvarnareiginleika og er einfaldur í notkun
- 1-3 umferðir, fer eftir undirlagi og álagi á flötinn. Ber viður/botn skal grunna 3x og skal fyrsta umf þynnt ca 15%
- Fljótur að þorna en verður að bíða í að lágmarki 8 klst áður en yfirmálað er til að gefa þynninum tíma til að gufa upp
- Þynnir No. 3 eða GTA007
- Þekjan er 6-8 m2/L
- Yfirmálun með botnmálningu eftir að lágmarki 8 klst við 10°C en innan við 5 daga frá því að grunnurinn fer á



# VC TAR2

- Tvíþátta epoxý grunnur, aðeins ætlaður undir VC17 Offshore botnmálningu
- Fæst í 1L og 2,5L
- Grunna skal 1-3 umferðir með VC TAR2, fer eftir efninu sem báturinn er gerður úr og hvort skemmdir séu í trefjaplastinu
- 3-5 umferðir á plast til að koma í veg fyrir osmósu
- Þynnir VC General Thinner
- Þekja 11 m2/L
- Snertiþurr eftir 6 klst við 5°C. Yfirmálun með VC17 Offshore eftir 24 klst við 5°C
- Yfirmálun með botnmálningu eftir að lágmarki 24 klst við 5°C en innan við 5 daga frá því að grunnurinn fer á



# Botnmálning

- **Cruiser 250** – Millihörð sjálfslípandi botnmálning, ætluð fyrir flestar tegundir báta
- **Trilux 200** – Hörð sjálfslípandi botnmálning fyrir ál- og hraðbáta
- **VC17 Offshore** – Teflon botnmálning sem veitir lágmarksviðnám og rennislétta áferð á botninn
- **Trilux 33** – Botnmálning sérhönnuð fyrir m.a. álbáta. Inniheldur öflug efni til varnar gróðurmynun, biolux
- **B-Free -** Sílikon botnmálning gerð fyrir allar tegundir báta sem veitir lágmarks viðnám. Án eiturefna



# Cruiser 250 botnmálning

- Botnmálning sem gerð er fyrir allra erfiðustu aðstæður
- Okkar aðalbotnmálning á smábáta (nema álbotna)
- Fæst í fjórum staðallitum; ljósbláum, dökkbláum, rauðum og svörtum
- Fæst í 0,75L og 2,5L
- 2 umferðir við nýmálun, endurmálun 1 umferð á flatan botn og 2 umferðir á álagsfleti, t.d. hliðar/síður (vertical hluta botnsins)
- Nota skal Gelshield 200 grunn eða Intertuf 203 eftir atvikum á ómálaða fleti
- Þynnir No. 3 eða GTA007 fyrir þrif á verkfærum
- Þekjan er 8 m2/L
- Cruiser 250 er snertiþurr eftir 1 klst við 5°C. Yfirmálun eftir að lágmarki 16 klst við 5°C
- Sjósetning möguleg eftir 8 klst við 5°C lofthita og þurrk



# Trilux 200 botnmálning

- Hörð botnmálning fyrir keppnisskútur og mótorbáta sem ná miklum hraða
- Hentar einnig á álbotna, plast og stál. Má nota á skrúfublöð
- Fæst í 0,75L og 2,5L
- Fæst í svörtum (2,5L) og hvítum lit (0,75 og 2,5L)
- Nota skal Gelshield 200 grunn eða Intertuf 203 eftir atvikum á ómálaða fleti
- Mála skal 2 umferðir með rúllu fyrir 12 mánaða endingu
- Þynnir No. 3 eða GTA007 í þrif á verkfærum
- Þekjan er 8 m2/L
- Trilux 200 er snertiþurr eftir 1 klst við 5°C. Yfirmálun eftir að lágmarki 16 klst við 5°C
- Sjósetning möguleg eftir 24 klst við 5°C lofthita og þurrk



# VC17 Offshore botnmálning

- Teflon botnmálning sem myndar rennislétta áferð og veitir lágmarksviðnám við siglingu. Hentar á allar tegundir plastbáta með breytilegan siglingarhraða
- Fæst í 0,75L og 2L
- Má ekki fara á álbáta eða sínkhúðað járn. Hentar einungis í málningarkerfi með VC-Tar grunninum og VC17 Offshore. Ekki hægt að yfirmála með hefðbundinni botnmálningu
- Myndar spegilslétta og þunna filmu, byggir ekki upp þykktir
- Blandið koparnum út í málninguna og hrærið vel saman, hrærið svo alltaf annað slagið í dósinni meðan verið er að mála
- Mála skal 2 umferðir með rúllu fyrir 12 mánaða endingu
- Hægt er að mála upp úr dósinni í 7 daga eftir að kopar hefur verið blandað saman við - gegn því að loka vel dósinni á milli
- Þekjan er 10-12 m2/L
- VC17 Offshore er snertiþurr eftir 30 mín við 15°C. Yfirmálun eftir að lágmarki 1,5 klst við 15°C
- Sjósetning möguleg eftir 3 klst við 15°C lofthita og þurrk



# Trilux 33 botnmálning

- Botnmálning sérhönnuð fyrir álbáta með svokallaðri *biolux* tækni
- Fæst í 5L
- Má einnig nota á trefjaplast, við og stál
- Ending er um 18 mánuðir í sjó
- Ef efninu er sprautað skal fara 2 umferðir en ef rúllað er á þá 3 umferðir
- Nota skal Gelshield 200 grunn eða Intertuf 203 eftir atvikum á ómálaða fleti
- Þekjan er 8 m2/L
- Trilux 33 er snertiþurr eftir 2 klst við 5°C Yfirmálun eftir að lágmarki 24 klst við 5°C
- Sjósetning möguleg eftir 24 klst við 5°C lofthita og þurrk



# B-Free sílikon botnmálning

- Sílikon botnmálning er gerð fyrir allar gerðir báta og veitir lágmarks viðnám. Auðvelt er að þrífa botninn ef gróður sest á flötinn
- Fæst í 0,75L
- Án eiturefna og hefur lágt VOC gildi og því betri fyrir umhverfið. Einþátta
- Allt viðhald er auðveldara þar sem gróður og hrúðurkarlar ná ekki festu við botnmálninguna
- Auðvelt að breyta úr hefðbundinni botnmálningu yfir í B-Free með Conversion Coat og Tie Coat ferli
- Fæst í hvítu, svörtu, rauðu og dökkbláu
- 2-3 umferðir fyrir 2 ára tímabil. Notkunarhitastig yfir 7°C
- Þekja: 9 m2/L
- Ómálaður plastbotn: A.m.k. 1 umferð Gelshield 200, 1 umferð B-Free Tie Coat, 2 umferðir B-Free botnmálning
- Málaður botn: 1 umferð Conversion Coat, 1 umferð B-Free Tie Coat, 2 umferðir B-Free botnmálning
- Endurmálun: Háþrýstiþvottur með sápu, skola vel og látið þorna. Slípið létt yfir með sandpappír 120 og skolið aftur niður með sápu
- Snertiþurr við 10°C: 7 klst
- Yfirmálun við 10°C: Að lágmarki 9 klst, að hámarki 5 dagar



# B-Free
# Conversion Coat

- Tvíþátta epoxý grunnur til að loka hefðbundinni botnmálningu sem fyrir er á bátnum
- Fæst í 0,75L
- Sjá mynd til hliðar ef mála á ómálaðan botn og ef ekki er vitað hvaða efni er fyrir
- Skylda að nota á áður botnmálaðan bát
- 1 umferð með rúllu eða pensli
- Þurrefnisinnihald: 48%
- Þekja: 9 m2/L
- Snertiþurrt við 10°C: 4 klst
- Yfirmálun við 10°C: Að lágmarki 6 klst, 24 klst að hámarki til að mála með B-free Tiecoat yfir















# B-Free Tie Coat

- Tvíþátta grunnur fyrir hámarksviðloðun við B-Free botnmálninguna
- Fæst í 0,75L
- Skylda undir B-Free botnmálninguna í öllum tilvikum nema þegar endurmálað er yfir sílíkon botnmálningu
- 1 umferð með rúllu eða pensli
- Þurrefnisinnihald: 66%
- Þekja: 9 m2/L
- Snertiþurrt við 10°C: 2 klst
- Yfirmálun við 10°C: Að lágmarki 5 klst, 5 dagar að hámarki til að mála með B-Free botnmálningu yfir



# Botnmálningarkerfi fyrir skrúfu og hældrif

- **Propeller Primer** – Viðloðunar-grunnur á hældrif úr áli og plasti. Grunnurinn er borinn á með pensli, 1-2 umferðir
- **Trilux Propeller** – Teflon botn-málning í úðabrúsa, kemur í svörtu og gráu. Spreyið 3-4 umferðir
- **Trilux 200** – Hörð botnmálning fyrir álbáta og hraðbáta. Málningin er borin á með pensli, 2-3 umferðir



# Málning á dekk, yfirbyggingu og síður

- **Toplac Plus –** Háglans, einþátta sílikon alkýðlakk ætlað til málunar á fleti ofan sjólínu. Fæst í mörgum stöðluðum litum, m.a. í appelsínugulum öryggislit
- **Interthane** 990 – Háglans, tvíþátta pólýúreþan lakk. Einungis í 5L einingum, fæst í öllum litum
- **Interlac 665** - Háglans, einþátta alkýðlakk. Fæst í 5L og 20L einingum, fæst í öllum litum



# Toplac Plus

- Háglans sílikon alkýð, einþátta efni ætlað til málunar á fleti ofan sjólínu. Okkar aðallakk á plastbáta
- Fæst í 0,75L
- Áður málaða fleti skal þrífa með tilheyrandi efnum og mattslípa með 280-320, enda skal á 400 sandpappír. Þrífa og lakkmála síðan beint yfir með Toplac Plus
- Ómálað timbur, ál og stál skal grunna með One UP grunni áður en Toplac Plus er borið á
- Bert plast skal þrífa með tilheyrandi efnum og slípa með 180-220 sandpappír og grunna með ONE UP, 1-2 umferðir áður en málað er með Toplac Plus
- Mála skal 2-3 umferðir með Toplac Plus en í viðgerðir er hægt að fara 1 umferð í sumum tilvikum
- Fæst í mörgum staðallitum
- Þynnir: Alifatnafta, hreinsuð terpentína
- Þekja um 12 m2/L
- Þurrktími er um 6 klst við 5°C
- Yfirmálun eftir 20 klst við 10°C og innan 4 daga



# Interthane 990

- Háglans tvíþátta pólýúreþan lakk ætlað til málunar ofan við sjólínu á dekk, síður, rekkverk o.fl.
- Fæst í 5L og 20L
- Hægt að rúlla, pensla og sérstaklega sprauta
- Mála skal 2 umferðir með rúllu en 1 umferð með sprautu
- Hefur góða þekju í öllum litum - fæst í lituðum stofnum og í hvaða lit sem er
- Aðeins til í 5L og 20L einingum
- Þynnir – GTA713
- Þekja um 8 m2/L
- Þurrktími um 5 klst við 5°C
- Yfirmálun eftir 24 klst við 5°C og óendanlega opið



# Sérlausnir fyrir eikarbáta

- **Schooner** – Glært háglans lakk til málunar á trébátum. Inniheldur mjög smá mólekúl og smýgur því vel inn í allan við, ekki síst harðvið
- **Auson kínaolía** - Blanda af tungolíu, línolíu og terpentínu. Fæst í glæru en hægt að lita/tóna til, með lituðu Cetol HLS (10-20%)
- **Hálfþekjandi viðarolía Cetol HLS** - Hálfþekjandi og lágfyllandi terpentínuþynnanleg alkýðolía, ætluð til notkunar á við. Fæst í stöðluðum viðarlitum og fjölda annarra lita
- **Línolíumálning** - Upprunaleg línolíumálning án allra leysiefna. Fæst í staðallitum sem hægt er að blanda saman innbyrðis. Byggir á aldagamalli hefð
- **Línolíukítti** - Viðgerðar- og þéttingarefni sem byggir á aldagamalli hefð
- **Tinova Traditional Exterior Primer** - Terpentínuþynnanlegur alkýðolíugrunnur ætlaður á við. Smýgur vel inn í viðinn og hefur góða viðloðun. Helst ætlaður sem grunnur undir Tinova Traditional Exterior
- **Tinova Traditional Exterior -** Þekjandi viðarvörn, terpentínu-þynnanleg alkýðolíumálning ætluð á við. Olían dregur fram viðaræðarnar og gefur þekjandi og jafna áferð bæði á gamlan og nýjan við
- **Intertuf 203** – Grunnið beran botn í 2-3 umferðum; þynnið 1. umferð um 20% með GTA 007. Þynnið 2-3. umferð um 10%. Málið síðan með botnmálningu Cruiser 250



# Schooner

- Glært einþátta háglans lakk fyrir trébáta. Hannað til að standast mikð álag
- Fæst í 0,75L og 2,5L
- Unnið úr tungolíu sem inniheldur afar smá mólikúl og á því auðvelt með að bindast og smjúga inn í við, t.d. harðvið
- Inniheldur UV sólarvörn svo viðurinn upplitast síður af geislum sólarinnar
- Málaða fleti skal þrífa vel af fitu og óhreinindum og slípa með 280-400 sandpappír
- Ómálaðan við skal slípa fyrst með 80-180 sandpappír, svo 280. Mála 3-8 umferðir af Schooner eða þar til ánægja er með útkomuna. Þynnið fyrstu umferð um 10% með terpentínu á ómálaðan við, seinni umferðir um 0-5%
- Á milli umferða skal slípa létt með 320-400 sandpappír og passa að setja ekki of þykkt á í hverri umferð
- Þekjan er um 14 m2/L með rúllu en 12 m2/L ef sprautað er. Ekki setja of þykkt í hverja umferð
- Snertiþurrt eftir 3 klst miðað við 10°C. Yfirmálun eftir minnst 16 klst miðað við 10°C



# Hammerite vörur á járnverkið

- Hreinsir/þynnir - Hentar mjög vel með hömruðu (e. hammered) lökkunum. Magn: 250ml
- No.1 Anti-Rust - Ryðvarnargrunnur sem kemur í veg fyrir að nýtt ryð myndist. Magn: 250ml
- Hammered lakk - Gefur hamraða áferð, fæst í 5 litum. Magn: 250ml og 750ml
- Smooth Finish lakk – Háglans lakk sem gefur slétta áferð, hægt að blanda í öllum RAL litum. Magn: 500ml og 1L
- Lakksprey - Gefur hamraða áferð, fæst í svörtu og gráu. Magn: 400ml






# Tekkolía og hreinsiefni

- **Tekkolía** - Sérstaklega ætluð á tekk og annan harðvið. 0,5L flaska
- **Tekkhreinsir** - Inniheldur oxalsýru og er sérstaklega ætlaður á tekk og annan harðvið. 0,5L flaska
- **Super Cleaner** - Hreinsar af vax, olíu og önnur óhreinindi. 0,5L flaska
- **Liquid Rubbing** - Hreinsiefni sem endurvekur fyrri gljáa á Gelcoat og máluðum flötum. 0,5L flaska
- **Marine Wax** - Bón sem gefur góðan gljáa og góða vörn gegn sjávarsalti og sól. 0,5L flaska
- **Tinova Wood Cleaner** - Áhrifaríkt, lútkennt hreinsiefni til að fjarlægja gráma og óhreinindi. Hefur bleikingareiginleika, þ.e. dekkir harðvið. 1L og 5L flöskur
- **Xyladekor harðviðarhreinsir** - Inniheldur oxalsýru, hraðvirkt og lyktarlítið hreinsihlaup sem fjarlægir gráma, óhreinindi og gamla olíu af við og nær fram upprunalegum lit viðarins. Oftast notað á eftir Tinova Wood Cleaner. 1L og 2,5L flöskur

# Þynnir - tegundir

- No.3 sama og GTA007 - Cruiser 250, Trilux 200, Intertuf 203, Trilux 33
- No.7 sama og GTA220 - Gelshield 200, Sikkens Redox Multiprimer, Interprotect
- No.100 - Interthane 990 og ONE UP
- VC General Thinner - VC Offshore, VC Tar2
- Alifatnafta (hreinsuð terpentína) - ONE UP og Toplac Plus. Einnig olíualkýðefni, eins og Schooner o.fl.
- GTA007 - Einþátta efni, botnmálning
- GTA713 - Tvíþátta pólýúreþan efni
- GTA220 - Tvíþátta epoxý efni



# Hálkuvörn

- Hálkuvörn M12 - Gróf hálkuvörn sem stráð er þétt yfir blauta málninguna (eftir þörfum) og síðan er lakkað yfir í seinni umferð
- Hálkuvörn M18 - Fíngerðari en M12 hálkuvörnin. Stráið í (eftir þörfum) yfir blauta málninguna og síðan lakkað yfir í seinni umferð
- Sikkens hálkuvörn - Fín hálkuvörn sem hræra skal út í málninguna. Um 0,8kg fara í 20L fötu en hægt er að stýra því hversu mikið af hálkuvörn viðkomandi vill hafa. Má auka/minnka um allt að 50%



# Hentug kefli

Fyrir spegilslétta áferð

Fyrir grunna og hefðbundin efni




